



ÁRSRIT
2010



66°N



Arnarhóll jakki	24.800 kr.
Logn hettupeysa	16.500 kr.
Dickies buxur	11.500 kr.
Dickies skór	15.800 kr.

INNGANGUR

Ágætu félagar í GKG

Stjórnin leggur hér fram ársskýrslu 2010 eins og lög gera ráð fyrir.

Þetta hefur verið gott starfsár hjá okkur og sýnir skýrslan það glögglega. Margir hafa komið að gerð skýrslunnar og vil ég þakka þeim öllum fyrir vel unnin störf.

Eins og sjá má í skýrslunni er mikið og fjölbreytt starf unnið á vegum GKG. Það er mikill fjöldi félaga sem þar leggur hönd á plóg, og öll höfum við það sameiginlega markmið að gera klúbbinn okkar sem bestan. Við erum nú í lok þessa starfsárs komin að því að verða að takmarka inntöku nýrra félaga. Kannski má segja að það sé skemmtilegt vandamál, en mér finnst það vera algjört grundvallar atriði að klúbburinn hugsi

fyrst og síðast um sína félagsmenn og fjölgi ekki um of í klúbbnum. Þarna verðum við að finna hinn rétta fjölda til að ofgera ekki völlum. Stjórnin hefur lagt megin áherslu á að laga vellina, og gera þá bæði snyrtilegri og betri en þeir voru í fyrra. Ég trúi að flestir okkar félaga geti verið mér sammála um að vel hafi miðað í þá átt á þessu starfsári. Það er sannfæring mín, að með sömu stefnu að leiðarljósi á næsta starfsári muni félagar í GKG horfa með tilhlökkun til næsta sumars.

Guðmundur Oddsson,
formaður GKG.



EFNISYFIRLIT

- 3. Inngangur
- 4. Nýting valla

FÉLAGSSVIÐ

- 5. Stjórn og nefndir
- 7. Skipting félaga
- 8. Stjórnarstörf
- 8. Samskipti við sveitafélögin
- 9. Starfsmannamál
- 9. Vinavellir
- 9. Glæsilegt afrek
- 9. Fjármálin

- 10. Kvennanefnd
- 12. Kynningarnefnd
- 1.10 Öldungastarfið 2008
- 1.11 Nýliðanefnd

ÍPRÓTTASVIÐ

- 15. Skýrsla íþróttanefndar
- 15. Skýrsla íþróttasviðs
- 16. Úrslit Meistaramóts 2010
- 21. Mótanefnd
- 22. Skemmtinefnd

FRAMKVÆMDASVIÐ

- 25. Vallarnefnd

- 25. Skýrsla vallarstjóra
- 27. Vetrarvöllur 2009 - 2010
- 27. Fjáröflunarnefnd
- 29. Umhverfisstefna GKG

FJÁRMÁL

- 30. Áritun stjórnar
- 30. Áritun óháðs endurskoðanda
- 31. Rekstraryfirlit
- 32. Efnahagsreikningur
- 33. Sjóðsstreymi
- 34. Líflegur golflúbbur

LOKAORÐ



Ólafur E. Ólafsson
framkvæmdastjóri GKG
olafure@gkg.is

Ársrit GKG 2010

Útgefandi: Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar.

Ábyrgðarmaður: Ólafur E. Ólafsson

Hönnun og útlit: Pipar/TBWA auglýsingastofa

www.pipar.is

Ljósmyndir: Gummi vallarstjóri, Ólafur E. Ólafsson og myndir frá félagsmönnum.

Prentun: Svansprent


Sérstakar þakkir:

Sigurður Hlökkversson.




Aftari röð frá vinstri: Símon Kristjánsson, Gunnar Jónsson, Kristinn Jörundsson, Gunnar Páll Þórisson og Ólafur E. Ólafsson. Sitjandi frá vinstri: Jónína Pálsdóttir, Áslaug Sigurðardóttir, Guðmundur Oddsson, Bergþóra Sigmundsdóttir og Jón Snorri Snorrason. Á myndina vantar Heimi Guðjónsson.

LEIKNIR HRINGIR Á LEIRDALSVELLI 2007 - 2008 - 2009 - 2010



	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept/Okt
2007	4290	4455	3329	3393	1733
2008	1380	4788	4936	3954	2131
2009	2541	5806	6358	4978	2686
2010	2920	5877	6313	5229	2656/906

LEIKNIR HRINGIR Á MÝRINNI 2007 - 2008 - 2009 - 2010



	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept/Okt
2007	0	2701	4970	4266	1675
2008	3547	5032	5665	5080	2253
2009	4903	6518	7412	6198	3388
2010	5153	6727	7356	6563	3625/1461

FÉLAGSSVIÐ

Stjórn og nefndir 2010

FORMAÐUR

Guðmundur Oddsson

VARAFORMAÐUR

Jón Snorri Snorrason

GJALDKERI

Kristinn Jörundsson

RITARI

Símon Kristjánsson

MEÐSTJÓRNANDI

Gunnar Jónsson

MEÐSTJÓRNANDI

Áslaug Sigurðardóttir

MEÐSTJÓRNANDI

Bergþóra Sigmundsdóttir

VARAMAÐUR

Jónína Pálsdóttir

VARAMAÐUR

Gunnar Páll Þórisson

VARAMAÐUR

Heimir Guðjónsson

FRAMKVÆMDASTJÓRI

Ólafur E. Ólafsson

SKRIFSTOFA

Guðrún Helgadóttir

VALLARSTJÓRI

Guðmundur Árni Gunnarsson

AÐSTOÐAR VALLARSTJÓRI

Sveinn Steindórsson

ÍÞRÓTTASTJÓRI

Úlfar Jónsson

AFREKSÞJÁLFARI

Derrick Moore

UNGLINGALEIÐBEINANDI

Haraldur Þórðarson

VERSLUNARSTJÓRI/VEFSTJÓRI

Valgeir Tómasson

LEIÐBEINANDI

Birgir Leifur Hafþórsson

AFREKSNEFND

Gunnar Páll Þórisson

Áslaug Sigurðardóttir

Ólafur Sigurðsson

Valgeir Tómasson

AGA- OG DÓMARANEFND

Kjartan Bjarnason

FJÁRÖFLUNARNEFND

Jón Snorri Snorrason

Ólafur E. Ólafsson

FORGJAFARNEFND

Kjartan Bjarnason

KVENNANEFND

Bergþóra Sigmundsdóttir

Sesselja Magnea Matthíasdóttir

Bryndís Hinriksdóttir

Sóley Stefánsdóttir

Hildur Pálmadóttir

KYNNINGARNEFND

Ólafur E. Ólafsson

Sigurður Hlöðversson

MÓTANEFND

Heimir Jón Guðjónsson

Jónína Pálsdóttir

Sigurjón Sigurjónsson

Gunnar Árnason

Sigurður Hlöðversson

Kristján Ármannsson

NÝLIÐANEFND

Úlfar Jónsson

Derrick Moore

UNGLINGANEFND

/FORELDRARÁÐ

Gunnar Jónsson

Jón Hörðdal Jónasson

Ragnheiður Sigurðardóttir

VALLARNEFND

Símon Kristjánsson

Andrés Guðmundsson

Guðmundur Árni Gunnarsson

Sveinn Steindórsson

Árni Zophoniasson

Sigurður Skúli Bárðarson

ÖLDUNGANEFND

Einar Kristinsson

LAGANEFND

Gunnar Jónsson

KJÖRNEFND

Steinar J. Lúðvíksson

SKEMMTINEFND




Sigurður Hlöðversson

Lórenz Þorgeirsson





Skipting félagsmanna





Stjórnarstörf

Á þessu starfsári hefur stjórnin haldið 10 bókaða fundi, og auk þess almennan félagsfund og fræðslufund. Þá hafa stjórnarmenn setið fjölmarga fundi með ýmsum aðilum þar sem rætt hefur verið um einstaka þætti í starfsemi GKG og framtíð klúbbsins. Mikill tími hefur farið í viðræður við forráðamenn sveitarfélaganna, Kópavogs og Garðabæjar. Stjórnin hefur ásamt framkvæmdastjóra lagt mikla vinnu í fjármál klúbbsins. Þetta eru vitaskuld mál málanna og þau verða að vera í góðu lagi. Eins og fram kom á síðasta aðalfundi voru félagar í GKG 1560 og hafði sá fjöldi haldist frá árinu áður. Nú er hins vegar nokkuð breytt staða því 1. nóvember s.l. voru félagarnir orðnir 1740 og þá voru um 100 komnir á biðlista. Stjórnin hefur samþykkt að hámarksfjöldi í GKG verði a.m.k. um skeið 1800 félagar. Þetta er algjörlega ný staða fyrir okkur, en segir okkur kannski ýmislegt um vellina og vonandi einnig þá staðreynd að mönnum líkar vel í GKG. Aukinn fjöldi félagsmanna er vissulega ánægjuleg þróun og auðveldar okkur rekstur klúbbsins, en segir okkur einnig að við verðum að fara varlega í þessum efnunum. Í ársskýrslu GSÍ sem var lögð fram á formannafundi sambandsins um síðustu helgi kom fram að alls eru skráðir 15.785 félagar í klúbbum sambandsins og hafði þeim fjölgað um 256 frá fyrra ári. Það sem vakti athygli var að félögum í GKG hafði fjölgað um 231 á sama tíma. Í öllum öðrum klúbbum innan GSÍ hafði því fjölgað um 25 á árinu. Það sem einnig vekur mikla athygli í skýrslunni er að 15 ára og yngri eru 255 í GKG, 192 í GR og 187 í Keili. Þetta segir mikið um hversu öflugt unglingastarfið er hjá okkur í GKG.

Við gerðum í upphafi starfsársins ráð fyrir áframhaldandi aðhaldi í öllum rekstri og höfum kappkostað að reka klúbbinn á skynsamlegum nótum. Það hefur okkur tekist bætilega og nú annað árið í röð skilum við góðri rekstrarniðurstöðu. Ef rekstur klúbbsins gengur eins vel á næsta starfsári sjáum við fram á að

klúbburinn verði sem næst skuldlaus eftir það ár.

Stjórninni er það bæði ljúft og skylt að þakka Ólafi E.Ólafssyni framkvæmdastjóra fyrir einstaklega trausta og aðhaldssama stjórn á fjármálum klúbbsins og eins hefur Guðmundur Árni vallarstjóri sýnt mikla útsjónarsemi í rekstri vallarins. Traustir starfsmenn eru gulls ígildi. Stjórnin hefur einnig fjallað mikið um framtíðaruppbyggingu GKG, en ekkert nýtt hefur verið ákveðið í þeim málum, en ýmsar hugmyndir eru þó í gangi. Þá hefur stjórnin samþykkt umhverfisstefnu fyrir klúbbinn, en vallarnefndin hefur haft veg og vanda af mótun þeirrar stefnu. Þar er lög áhersla á að Vífilstaðavöllur verði ávallt í fremstu röð golfvalla á Íslandi hvað varðar umhverfi og umgengni. Loks má nefna að við höfum verið að skoða smávægilegar lagfæringar á skálanum og þá einkum bætta aðstöðu í eldhúsi og einnig þarf að bæta starfsmannaaðstöðu í áhaldahúsi.

Samskipti við sveitarfélögin

Eins og fram kom á síðasta aðalfundi gerðum við okkur vonir um að á þessu starfsári tækist okkur að fá afmarkaða lóð fyrir framtíðar staðsetningu á okkar félagsaðstöðu. Það hefur hins vegar ekki tekist ennþá þó talsverður tími hafi farið í að þoka þeim málum áfram. Næsta stjórn verður því að vinna áfram í þessu máli og auðvitað náum við lendingu í málinu með tímanum, en satt best að segja þá er þetta mál að verða ansi þreytt og okkur til mikils ama. Stjórn Ríkisspítalanna heldur áfram að rukka okkur og nú í ár greiddum við kr. 3.750.000 í leigu fyrir landið. Þetta mál er ekkert að leysast eins og er, en þó eru alltaf að koma upp nýir fletir sem hugsanlega munu hjálpa okkur í að losna við þessa leigu. Sjálfur hef ég þá trú að lausn fáist ekki fyrr en Garðabær yfirtekur landið, en hvenær og hvernig hann gerir það hef ég ekki nokkra hugmynd um. Við höfum átt nokkra fundi með bæjaryfirvöldum beggja sveitarfélaganna um málefni klúbbsins og er óhætt að segja að allir þeir fundir hafi verið

góðir og skilað okkur nokkrum árangri. Þannig hefur Garðabær látið okkur fá 4 milljónir króna í rekstrarstyrk á þessu starfsári og vonir okkar eru um að Kópavogur geri slíkt hið sama. Annars hefur Kópavogur styrkt klúbbinn síðustu ár um 5 milljónir króna til framkvæmda í Leirdalnum og vonandi verður framhald á því næstu ár. Þá hafa bæði sveitarfélögin tekið afar vel í að standa myndarlega við bakið á klúbbnum varðandi undirbúning á að halda Íslandsmótið í högggleik árið 2014. Við höfum þegar lagt fram framkvæmdaplan um uppbyggingu á stígakerfi vallanna og nemur sú upphæð um 75 milljónum króna, sem kæmi til greiðslu á næstu 4 árum. Þess utan er vitaskuld fjölmörg önnur atriði sem verður að laga og ég er afar þakklátur fyrir þá jákvæðu afstöðu sem við finnum varðandi þetta verkefni hjá báðum sveitarfélögunum. Það er GKG mikið metnaðarmál að standa vel að þessu verkefni og við erum staðráðin í að gera það með miklum sóma. Við höfum kosið Gunnar Jónsson sem formann undirbúningsnefndar fyrir landsmótið og þá höfum við óskað eftir að sveitarfélögin skipi hvort um sig einn nefndarmann, sem trúlega verða íþróttafulltrúar bæjanna. Í óformlegum viðræðum við Garðabæ höfum við óskað eftir auknu landi vestan Vetrarbrautar og einnig hvort mögulegt væri að fá þar land undir æfingasvæði. Það mál er til jákvæðrar skoðunar, en ekkert enn ákveðið í þeim efnum. Á nýlega höldnum fundi með ÍTK óskuðum við eftir auknu húsrými í Kórnum til æfinga, en ef það fæst mun æfingasvæði okkar þar rúmlega tvöfaldast. Erindið fékk jákvæðar viðtökur en niðurstaða liggur ekki fyrir enn.

Starfsmannamál

Alltaf má búast við einhverjum breytingum á föstum starfsmönnum klúbbsins milli ára, en sem betur fer helst okkur nokkuð vel á starfsfólki. Í febrúar var Guðrún Helgadóttir ráðin í fullt starf á skrifstofuna og hefur hún skilað afar góðu starfi. Þá var Hafsteinn Eyvindsson ráðinn í áhaldahúsið, sem vélamaður, en hann sinnir einnig viðhaldi á völlum Kópavogsbæjar. Hann hefur verið afar góður starfskraftur og verið okkur mjög mikilvægur. Sigurður Ingason sá um veitingarnar á þessu starfsári og verður hann áfram hjá okkur sem betur fer, en almenn ánægja var með hans störf og ekki síður með hans viðmót. Þá hefur aðstoðarvallarstjóri, Sveinn Steindórsson, sagt upp störfum og hefur verið ráðinn hjá Keili. Sveinn hefur verið GKG góður starfsmaður og vil ég færa honum bestu þakkir fyrir hans störf hjá klúbbnum. Nýr aðstoðarvallarstjóri hefur verið ráðinn og heitir hann Einar Gestur Jónasson, en hann hefur um nokkurt skeið séð um golfvöllinn á Húsavík. Ég býð hann velkominn til starfa hjá GKG, en hann hefur störf hinn 14. janúar 2011. Á þessari stundu hefur ekki verið gengið frá eftirlitsmönnum með völlum en gera má ráð fyrir að gengið verði frá þeim málum fljótlega, en þessi þáttur er klúbbnum afar mikilvægur.

Vinavellir

Á þessu starfsári hafa félagar í GKG getað farið á 4 svokallaða vinavelli og spilað þar fyrir 1000 kr. hringinn. Vellirnir voru á Hellu, Keflavík, Akranesi og Borgarnesi. Á síðasta ári þurfti GKG að greiða um 2,0 milljónir króna vegna þessa. Ekki hefur

verið tekin ákvörðun fyrir næsta sumar, en gera má ráð fyrir því að sömu vellir verði áfram í boði fyrir félaga GKG, því áhugi virðist eindregið mæla með því að halda þessu samstarfi áfram. Stjórnin mun leggja til að áfram verði félagar að greiða kr. 1000- fyrir hvern spilaðan hring. Á þessu starfsári voru spilaðir hringir á vinavöllum sem hér segir: Hella 604, Borgarnes 604, Akranes 535, Keflavík 334 samtals 2.074 hringir.

Glæsileg afrek

Klúbbmeistarar GKG í meistarflokki karla og kvenna árið 2010 urðu þau Birgir Leifur Hafþórsson og Ingunn Gunnarsdóttir. Þau ásamt fleiri kylfingum úr GKG náðu mjög góðum árangri á árinu. Hæst ber þó árangur Birgis Leifs, en hann varð Íslandsmeistari bæði í högggleik og holukeppni og Sigmundur Einar varð í öðru sæti á Eimskipsmótaröðinni og þriðja sæti í högggleiknum ásamt 2. sæti á stigalista GSÍ og Guðjón Henning varð þriðji í holukeppninni. Sveit GKG varð í öðru sæti í 1. deild kvenna í sveitakeppni GSÍ og karlasveitin varð í þriðja sæti 1. deildar. Þá má nefna öldungasveitirnar en báðar stóðu sig með miklum sóma, þar sem kvennasveitin varð í öðru sæti og ekki má gleyma frábærum árangri Mariu Guðnadóttur í hinum ýmsu mótum sumarsins. GKG er með öflugasta unglingastarfið á landinu. Í klúbbnum eru fjölmargir mjög efnilegir unglingar sem munu halda merki klúbbsins hátt á lofti næstu árin. Það hefur verið markviss stefna okkar að gefa okkar unga fólki kost

á auknum æfingum og betri aðstæðum til golfíðkunnar. Þetta starf er nú að skila okkur miklum árangri á landsvísu og GKG á mikinn fjölda mjög efnilegra unglinga sem stöðugt eru að bæta sig og eru nú þegar komnir í hóp þeirra allra bestu á landinu. Unglingasveit GKG vann sveitakeppni GSÍ í flokknum 15 ára og yngri. Við eigum að halda afrekum okkar fólks hátt á lofti og nýta okkur þennan góða árangur GKG til frekari framdráttar. Það eflir allt okkar starf og hvetur okkur til frekari dáða.



Fjármálin

Þó ég muni ekki á þessum stað ræða mikið um fjármál klúbbsins þá er nauðsynlegt að koma aðeins að þeim málum. Rekstur klúbbsins gekk mjög vel á þessu starfsári og skilaði rúmum 23 milljónum í tekjuafgang og okkur tókst að lækka skuldir klúbbsins um tæpa 31 milljón. Engu að síður skuldar klúbburinn ennþá rúmar 40 milljónir og er alveg nauðsynlegt fyrir okkur að ná þeim skuldum neðar. Við sögðum á síðasta aðalfundi að við þyrftum kannski tvö svona rekstrarár til viðbótar til að koma fjármálunum í ásættanlegt horf og mér sýnist að sú spá muni ganga eftir. Heildartekjur GKG á þessu starfsári eru um 162 milljónir og hafa hækkað um 25% frá síðasta ári og vallargjöldin hafa hækkað um 23%. Félagsgjöldin vega 60 – 65% af heildartekjum klúbbsins. Stjórnin leggur til að félagsgjöldin á næsta starfsári verði óbreytt hjá öllum félögum, en eins og rætt var á síðasta aðalfundi munum við taka aftur upp inntökugjöld á næsta starfsári og verða þau 20% af félagsgjaldi eða sem nemur 15000 kr. fyrir fullborgandi félaga. Nýir félaga yngri en 20 ára greiða ekkert inntökugjald.



Kvennanefnd 2010

Nokkur breyting varð á skipan kvennanefndar. Erla, Signhild og Vigdís hættu í nefndinni og þökkum við þeim fyrir störf þeirra síðustu tvö ár. Í stað þeirra komu Bryndís, Sóley og Hildur. Nefndina skipa: Bergþóra Sigmundsdóttir, Sesselja Magnea Matthíasdóttir, Bryndís Hinriksdóttir, Sóley Stefánsdóttir og Hildur Pálmadóttir.

Starf kvennanefndar árið 2010 var með hefðbundnum hætti. Konur voru með fasta golftíma alla þriðjudaga frá 11. maí til 1. sept. og voru rástímar frá kl. 17.00 – 18.50 í Vetrarmýrinni. Gekk það vel og nýttust tímarnir mjög vel til loka ágústsmánaðar. Konurnar sáu um að skrá sig sjálfar. Ræsar GKG sáu um að ræsa út og þökkum við í nefndinni starfsfólki GKG fyrir veitta aðstoð við ræsingu, innritun og eftirlit með þriðjudagstímunum í sumar.

GKGkonur voru með fasta tíma í Kórnum sl. vetur. Haldið var þúttmót og var krýndur þúttmeistari. Sigmundur Einar Músson kom og sýndi okkur góðar æfingar fyrir sumarið og mæltist það mjög vel fyrir. Með Kórnum hefur opnast nýr vettfangur sem kvennanefndin telur nauðsynlegt að nýta betur og mun það verða gert fyrir næsta tímabil.

Tímabilið hófst með Rauðvínskvöldinu föstudaginn 7. maí 2010. Um 60 konur mættu og skemmtu sér fram eftir kvöldi. Fyrsta mótið var svo 1. júní og mættu rúmlega 60 konur til leiks og spiluðu 9 holur í Mýrinni.

Vinkvennamót GKG- og GOKvenna var mjög vinsælt og skiluðu 124 konur korti fyrri daginn og 105 seinni daginn. Úrslit urðu þau að GOKonur unnu mótið.

Opið Sólstöðumótið var haldið fyrir konur föstudagskvöldið 25. júní. Var mótið nú eingöngu á vegum GKG. Kvennanefnd höfðu borist þó nokkrar kvartanir vegna mótsins 2009 og virtist vilji fyrir því að mótið væri punktamót og eingöngu fyrir konur. Við þessum óskum urðum við og mættu 62 konur til leiks. Vegleg verðlaun voru að vanda og var skipt í tvo flokka eftir forgjöf. Veitt voru verðlaun fyrir efstu sæti í hvorum flokki auk ýmissa annarra verðlauna.

Innanfélagsmót var haldið 20. júlí og mættu 59 konur og spiluðu 18 holu punktamót á Leirdalnum.

Þriðjudaginn 10. ágúst var farið í óvissuferð. Var farið á Strandavöll á Hellu. Leikið var í góðu veðri en 68 GKGkonur mættu í ferðina og var fengin stærsta rúta landsins til að aka okkur á Hellu. Konurnar skemmtu sér frábærlega og nutu ferðarinnar. Aðstæður voru mjög góðar og var frábærlega tekið á móti okkur.

Hatta- og kjólamótið var svo 31. ágúst og voru spilaðar níu holur í Mýrinni. Mælist það vel fyrir að leika eingöngu 9 holur í þessum klæðnaði enda hafa konur í GKG mætt mjög flottar í þessi mót. 64 GKGkonur mættu og nutu félagsskaparins og golfsins. Mikil og hörð keppni var um flottasta hattinn og best klæddu konuna.

Lokamót GKGvenna var svo laugardaginn 4. september 2010. Veðrið lék ekki við okkur en framkvæmdastjórinn sá til þess að við urðum ekki úti með góðum drykk. Leiknar voru 18 holur og leikfyrirkomulagið var punktakeppni. 27 konur mættu til leiks. Í mótslok borðuðu rúmlega 30 GKGkonur

ALLTAF GAMAN Í SUNDI

Sundlaug Kópavogs

Þjónustutími frá 1. september 2010:
Mán. - fimt. kl. 06:30 - 21:00
Föstudaga kl. 06:30 - 20:00
Lau. og sun. kl. 09:00 - 18:00

Actic heilsuræktin er opin á sama tíma og sundlaugin nema á mánudögum til fimmtudaga þá er hún opin til 22:00.

Verð:
Börn 6-17 ára: kr.120
Fullorðnir 18-66 ára: kr.350

Sundlaugin Versölum

Þjónustutími frá 1. september 2010:
Mán. - fimt. kl. 06:30 - 21:00
Föstudaga kl. 06:30 - 20:00
Lau. og sun. kl. 10:00 - 19:00

Actic heilsuræktin er opin til kl. 22 mánudaga til fimmtudaga, en aðra daga á sama tíma og sundlaugin.

Verð:
Börn 6-17 ára: kr.120
Fullorðnir 18-66 ára: kr.350

GLÆSILEGAR SUNDLAUGAR Í KÓPAVOGI

Í sundlaugum Kópavogs er úr nógu að velja, jafnt fyrir unga sem aldna: frábærar úti- og innilaugar, huggulegir heitir pottar, þægilegar vaðlaugar, spennandi rennibrautir og hvers kyns önnur aðstaða til góðrar hreyfingar, slökunar og skemmtunar.

Er hægt að hafa það betra?

SUNDLAUG KÓPAVOGS
v/ Borgarholtsbraut • s. 570 0470

SUNDLAUGIN VERSÖLUM
Versölum 3 • s. 570 0480

www.sund.kopavogur.is





saman góðan kvöldmat. Þá voru veitt verðlaun fyrir flesta punkta (reiknað út frá fimm 9 holu hringjum) í mótum á vegum kvennanefndarinnar sumarið 2010 og hlaut Jóhanna Ríkey Sigurðardóttir þau verðlaun. Lokahófið var opið öllum konum í GKG hvort sem þær tóku þátt í lokamótinu eða ekki. Hvetjum við konur til mæta til lokafagnaður GKGkvenna á næsta ári og fagna góðum árangri okkar í golfinu.

Ljóst er að mikil aukning hefur verið á þátttöku GKGkvenna í félagstarfinu og fögnum við því í nefndinni að konur í GKG hafi verið áhugasamar um golfið í sumar.

Fjöldi fyrirtækja hefur stutt við bakið á kvennanefndinni þetta sumar og þökkum við þeim öllum fyrir frábæran stuðning. Þá hefur klúbburinn og starfsfólk GKG verið okkur innan handar og þökkum við þeim kærlega fyrir aðstoðina.

Að lokum vill undirrituð þakka samnefndarkonum fyrir frábært sumar og velunnin störf.

Bergþóra Sigmundsdóttir

Kynningarnefnd 2010

Meginverkefni kynningarnefndar er að ritstýra og sjá um þau mál er lúta að kynningu á starfsemi klúbbsins og miðla upplýsingum til félagsmanna og annarra. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að koma fréttum af úrslitum móta og

afrekum einstakra kylfinga á framfæri. Heimasíða klúbbsins www.gkg.is var nýtt eins og hægt var á árinu en hún var þó ekki eins góð og á síðasta ári sökum ákveðinna bilana sem hrjáðu okkur stóran hluta ársins. Nú hefur verið tekið á því máli og von okkar að heimasíðan verði öllum gott hjálpar og upplýsingatæki á næsta ári. Það er mjög mikilvægt fyrir klúbbin að hafa yfir að ráða svo öflugum miðli, enda var heimasíðan mikið heimsótt af kylfingum. Ekki var ráðist í útgáfu á fréttabréfi á þessu ári sökum niðurskurðar í rekstri. Póstlisti klúbbsins var nokkuð vel nýttur á árinu og leitast við að koma skilaboðum og fréttum til félagsmann með þeim hætti. Félagsfundur var haldinn 20. apríl og var hann vel sóttur. Þar sem farið var yfir ástand beggja vallanna, starfið í sumar og framtíðarhorfur, bæði við endurbætur á leiksvæði, æfingaaðstöðu o.fl.

Fræðslufundur var haldinn þann 9. mars og mæltist hann mjög vel fyrir. Þátttakan var það góð að skálinn okkar var við það að springa. Á fundinum fór Andrés Davíðsson yfir gildi þess að vera með sérsniðnar kylfur, Úlfar Jónsson fór yfir markmiðasetningu og Birgir Leifur Hafþórsson og Sigmundur Einar Músson fóru yfir undirbúning fyrir golfmót og leikskipulag. Á komandi vetri er stefnt að því að halda fleiri fræðslufundi fyrir félagsmenn.

Í nefndinni sátu:

Sigurður Hlökkversson

Ólafur E. Ólafsson



3+1=4 KRÓNUR Á ÞINNI STÖÐ

Með GKG-dælulykli Atlantsolíu færðu **3 kr. afslátt** á öllum sjálfsafgreiðslustöðvum félagsins. Að auki veitir valin sjálfsafgreiðslustöð **1 kr. aukaafslátt** (3 kr. + 1 kr. = 4 kr.). **Samtals 4 kr.** frá dæluverði.

Á afmælisdegi dælulykilshafa veitir dælulykill **11 kr. afslátt** á öllum stöðvum og **12 kr. afslátt** á valdri stöð.

Sæktu um lykil eða uppfærðu afsláttarkjörin á www.gkg.is



ATLANTSOLÍA



ÍPRÓTTASVIÐ

Skýrsla íþróttanefndar GKG 2010

Í upphafi ársins samþykkti stjórn GKG sóknaráætlun og nýtt stjórnskipulag fyrir íþróttastarf klúbbsins. Samkvæmt þeirri áætlun hefur verið ráðist í margvísleg verkefni á árinu.

Starf íþróttastjóra hefur fengið aukið vægi í skipulagi klúbbsins og stjórnar hann nýju íþróttasviði GKG. Unglinga- og afreksnefndir klúbbsins voru auk þess sameinaðar í íþróttanefnd GKG. Reynslan af skipulagsbreytingunum er góð og óhætt er að fullyrða að þær eru skref í rétta átt. Íþróttanefndin starfaði að mestu tvískipt eins og áður.

Íþróttastjóri og þjálfarar stóðu fyrir útgáfu gæðahandbókar fyrir íþróttastarf GKG. Gæðahandbókin er frábært framtak og ber að þakka. Samið var við helstu afrekskyflinga klúbbsins um unglingaþjálfun ofl. Aukin áhersla var lögð á fræðslu- og kynningarmál og unnið var með vallarstjóra og vallarnefnd að bættari æfingaaðstöðu. Á árinu hefur einnig verið lögð áhersla á að tengja GKG betur við bæjarfélögin, m.a. með GKG-deginum í byrjun júní.

Í skýrslu íþróttasviðs GKG er að finna greinargott yfirlit yfir íþróttastarfið og árangur.

Að lokum viljum við þakka nefndarmönnum, íþróttastjóra, þjálfurum og öðrum sem lagt hafa íþróttastarfi GKG lið, fyrir gott og árangursríkt ár.

Með kveðju,

Gunnar Jónsson og Gunnar Páll Þórisson.

Skýrsla íþróttasviðs GKG vegna 2010

Árið sem er að liða var fyrir nokkrar sakir afar merkilegt ár í íþróttastarfi GKG. Gerðar voru nokkrar skipulagsbreytingar sem höfðu jákvæð áhrif á starfið. Eftirfarandi upptalning er dæmi um það helsta sem gerðist á árinu:

Íþróttasvið

Afreks- og unglinganefnd GKG voru sameinaðar í eina nefnd, Íþróttanefnd. Þar sem töluverð skörun er á hlutverkum þessa tveggja nefnda þá var þetta talið eðlilegt skref til þess að einfalda boðleiðir og auka samvinnu milli nefndanna.

Gæðahandbók

Undir lok seinasta árs hófst vinna að Gæðahandbók félagsins, sem er einskonar leiðarvísir fyrir félagsmenn og starfsfólk GKG. Markmiðið var að setja á prent helstu markmið og stefnur fyrir hina ýmsu málaflokka sem lúta að starfinu, hvort sem það er fyrir hinn almenna félag, foreldra iðkenda í barna- og unglingastarfi, iðkendurnar sjálfa, þ.m.t. afrekskyflingana, auk þjálfara og leiðbeinenda. Í handbókinni er m.a. að finna nákvæma skrá yfir hvernig þjálfun og skipulagi æfinga er háttað. Í mars var haldinn kynningarfundur fyrir bæjarfélög og helstu forráðamenn golfhreyfingarinnar. Gunnar Páll Þórisson, formaður afreksnefndar, stýrði verkefninu með miklum áhuga og festu, en mikil vinna var lögð í handbókina. Undirritaður ritstýrði en einnig komu þjálfarar töluvert að verkinu. Útprintað eintak af Gæðahandbók GKG er að finna á skrifstofu framkvæmdastjóra, en einnig er hægt að skoða hana á heimasíðunni.

Barna- og unglingastarf

Fjöldi iðkenda heldur áfram að aukast og eru nú um 300 félagsmenn 18 ára og yngri. Þar af tóku 210 þátt í æfingum

á sl. sumri, sem er aukning um 50% á tveimur árum. Stærstu klúbbarnir, sem við berum okkur saman við, komast ekki nálægt þessum tölum. Þessi aukning er til marks um að sú þjónusta sem boðið er uppá er vel metin af iðkendum og aðstandendum þeirra, en þetta væri ekki framkvæmanlegt nema hafa gott teymi af hæfum þjálfurum og leiðbeinendum. Í sumar lögðum við sérstaka áherslu á að auka þátttöku stúlkna á æfingum hjá okkur og buðum við áhugasömum stúlkum af barnanámskeiðunum að æfa út sumarið á æfingum félagsins. Þetta heppnaðist vel og bættust allnokkrar stúlkur við í hópinn, sem þegar hafa skráð sig á vetraræfingar.

Þjálfarar

Á sumaræfingunum störfuðu tveir PGA menntaðir þjálfarar, Derrick Moore og Haraldur Þórðarson. Auk þeirra þjálfuðu þeir Birgir Leifur Hafþórsson, Sigmundur Einar Músson, Haukur Már Ólafsson, Guðjón Henning Hilmarsson, Gestur Gunnarsson og Tómas Sigurðsson. Á barnanámskeiðum GKG störfuðu tíu afrekskyflingar úr röðum félagsins. Auk þjálfarana störfuðu því 16 afrekskyflingar við að leiðbeina og þjálfu næstu kynslóð afrekskyflinga og er það félaginu til mikils happs að eiga svo öflugan hóp hæfra og samviskusamra einstaklinga, því án þeirra væri ekki hægt að halda úti jafn öflugu starfi og raun ber vitni. Starfið gekk vel og stöðugt er unnið að því að auka gæði námskeiðanna en reynslan af þessu sumri mun hjálpa okkur að bæta starfið og efla enn frekar. Í haust voru gerðar breytingar á þjálfarateyminu, en Haraldur Þórðarson lét af stöfum og Hlynur Þór Haraldsson var ráðinn í staðinn í fullt starf. Hlynur er uppallinn í GKG og er menntaður PGA kennari. Hann starfaði áður við góðan orðstír hjá GKG við þjálfun yngstu kyflinganna, en hefur verið undanfarin tvö ár í Noregi, en snýr nú heim, og er það mikill fengur fyrir okkur að fá Hlyn til starfa. Haraldur þökkum við góð störf fyrir klúbbinn.

Keppnir barna- og unglinga

Í sumar vorum við með tvær mótaröðir, Svalamótaröðina og Unglingamótaröðina. Svalamótaröðin, sem er ætluð þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í keppni, 12 ára og yngri, heppnaðist gríðarlega vel, en alls tóku 90 börn þátt í a.m.k. einu móti. Að jafnaði tóku þátt 50-60 börn í hverju móti, en þau voru 4 talsins yfir sumarið. Svalamótið er því orðið næst stærsta innanfélagsmót félagsins, aðeins Meistaramótið er stærra. Við höfum aukið áhersluna á að hvetja krakkana til þátttöku í keppnum sem hæfir getu þeirra, svo sem í Svala- og Unglingamótaröðinni, og í GSÍ mótaröðunum, þ.e. US Kids mótaröð 12 ára og yngri, Áskorenda- og Arionbanka mótaröðinni.

Afreksstarf

Árangur GKG kyflinga var einkar glæsilegur og náðust þrír Íslandsmeistaratitlar, en Birgir Leifur sigraði á Íslandsmótinu í högggleik og holukeppni. Sveit drengja 15 ára og yngri varð einnig Íslandsmeistari. Einkar ánægjulegt var að konurnar náðu sínum besta árangri frá upphafi þegar þær höfnuðu í 2. sæti í sveitakeppni kvenna 1. deild. Nánari upplýsingar um árangur GKG á árinu er að finna í viðauka neðst í þessari skýrslu undir fyrirsoðninni **Yfirlit um árangur GKG 2010 í mótaröðum GSÍ og LEK.**

Úrslit í Meistaramóti GKG 2010

Meistaraflokkur karla	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Birgir Leifur Hafþórsson	70	68	67	74	279
Guðjón Henning Hilmarsson	82	73	72	71	298
Haukur Már Ólafsson	78	76	77	71	302
1. flokkur karla	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Ingi Heimisson	86	78	80	82	326
Kjartan Jóhannes Einarsson	80	83	81	83	327
Jónas Heimisson	82	84	78	84	328
2. flokkur karla	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Jóel Kristinsson	81	77	84	83	325
Stefán Birgisson	88	81	77	93	339
Árni Jón Baldursson	88	89	80	87	344
3. flokkur karla	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Óttar Helgi Einarsson	87	95	94	83	359
Ágúst Héðinsson	82	94	96	87	359
Ingi Karl Ingólfsson	88	89	93	91	361
4. flokkur karla	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Kristinn Ólafsson	91	92	99		282
Ásgeir Ingvarsson	102	95	98		295
Kristján Þór Gunnarsson	93	102	100		295
5. flokkur karla	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Einar Vignir Hansson	97	94	100		291
Pálmi Ívar Jóngeirsson	98	104	106		308
Ingvar Auðunn Guðnason	105	99	110		314
Meistaraflokkur kvenna	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Ingunn Gunnarsdóttir	87	77	73	79	316
Ingunn Einarsdóttir	85	83	81	78	327
María Málfríður Guðnadóttir	97	85	83	88	353
1. flokkur kvenna	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Jóna Þórarinsdóttir	93	92	85	86	356
Ninna Þórarinsdóttir	88	100	92	83	363
Jónína Pálsdóttir	99	93	87	93	372
2. flokkur kvenna	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Gunnhildur Kristjánsdóttir	94	94	103	95	386
Baldvina Guðrún Snælaugsdóttir	103	103	94	100	400
Erla Hrönn Helgadóttir	105	106	101	99	411
3. flokkur kvenna	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Kristín Þórisdóttir	112	101	106		319
Þórunn Guðmundsdóttir	112	107	118		337
Auður Eyvinds	114	122	110		346
Piltar 17 - 18 ára	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Jón Sævar Brynjólfsson	76	82	84		242
Yngvi Sigurjónsson	84	80	79		243
Pétur Andri Ólafsson	84	86	86		256
Drengir 15 - 16 ára	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Ragnar Már Garðarsson	77	76	76		229
Emil Þór Ragnarsson	73	82	76		231
Daníel Karl Grönvold	92	86	82		260
Strákar 13 - 14 ára	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Egill Ragnar Gunnarsson	75	78	77		230
Aron Snær Júlíusson	81	77	78		236
Hinrik Þráinn Örnólfsson	80	81	81		242
Telpur 15 - 16 ára	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Andrea Jónsdóttir	101	96	107		304
Kristín Björg Jörundsdóttir	136	157	140		433
Stelpur 13 - 14 ára	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Ásthildur Lilja Stefánsdóttir	104	116	121		341
Bergrós Fríða Jónasdóttir	137	127	120		384
Kristín Ágústsdóttir	119	133	132		384
Öldungar karla 0 - 20,9	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Jón Erlendsson	82	88	83		253
Kjartan Guðjónsson	85	86	82		253
Tryggvi Þór Tryggvason	85	79	89		253
Öldungar karla 21 - 36	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Elís Ingvarsson	97	98	101		296
Gunnar Valdimar Johnsen	104	98	98		300
Taechol Óskar Kim	105	97	102		304
Öldungar konur 0 - 24,9	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Kolbrún Stefánsdóttir	88	102			190
Öldungar konur 25 - 40	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Sigríður Magnúsdóttir	103	115	116		334
Kristín Þórdís Ragnarsdóttir	125	126			251
Öldungar karla 70 ára +	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Gunnlaugur Sigurðsson	85	86	89		260
Haukur V Bjarnason	88	85	93		266
Ingimar Jónsson	87	91	89		267
Öldungar konur 65 ára +	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Kristín Þórarinsdóttir	95	93	96		284
Ágústa Guðmundsdóttir	103	104	90		297
Hólmfríður Þórhallsdóttir	103	98	98		299



Sveit GKG sem hafnaði í þriðja sæti í sveitakeppni GSÍ sem fram fór í GK.

Í efri röð frá vinstri: Bjarki Freyr Júlíusson, Sigmundur Einar Másson, Guðjón Henning Hilmarsson, Kjartan Dór Kjartansson.
Neðri röð frá vinstri: Birgir Leifur Hafþórsson, Sigurður Rúnar Ólafsson, Alfreð Brynjar Kristinsson, Björgvin Smári Kristjánsson.

Æfingaaðstaða

Jákvæðar lagfæringar voru gerðar á æfingaaðstöðunni, en helstu breytingar voru gerðar á svæðinu meðfram Vífilsstaðaveginum, en þar voru slegnar 5 stuttar brautir (40-60 m), sem hentuðu vel fyrir barnanámskeiðin og æfingar fyrir styttri innáhögg. Einnig var bætt við flaggstöngum á grassvæðinu handan Vetrarbrautar, og höggsvæðin afmörkuð svo nýtingin yrði betri og fleiri gætu æft í einu. Þessi breyting heppnaðist vel og er það mikill kostur að geta slegið þessi mikilvægu innáhögg af grasi. Óskandi er að áfram verði haldið að þróa og bæta þetta svæði, en slíkt er hægt að gera án mikils tilkostnaðar. Það sem okkur vantar sárlega er ný og stærri æfingaflokkur fyrir þótt og lág vipp. Fjöldinn er orðinn það mikill að æfingaflokkinn okkar við skálann þolir illa þetta mikla álag og gæðin eru því ekki nægileg.

Almennt félagsstarf

Eitt af markmiðum nýrrar Íþróttanefndar var að gefa hinum almenna félaga tækifæri á að njóta þekkingar þjálfara og afrekskylfinga GKG. Í vetur buðu þjálfarar og afrekskylfingar uppá golfnámskeið í Kórnum og nutu þau mikillar vinsælda. Nýbreytni var á vordögum þegar fræðslufundur var haldinn. Undirritaður hélt fyrirlestur um markmiðasetningu og æfingaaðætlun, og Birgir Leifur og Sigmundur Einar héldu fyrirlestur um leikskipulag og mataræði á golfhring. Okkar ágæta, en allt of litla félagsheimili, var gjörsamlega troðfullt, en u.þ.b. 90 manns mættu.

Í vor var haldinn golfdagur þar sem öllum starfsmönnum Kópavogs og Garðabæjar var boðið í heimsókn og þeim gefinn kostur á að kynna Íþróttinni og starfssemi GKG. Gestir gátu fengið leiðsögn afrekskylfinga GKG í stutta spili og sveiflu, en einnig var golfsýning þar sem fremstu afrekskylfingarnir sýndu listir sínar í að slá golfboltann. Að auki var sérstakt golfmót þar sem deildir bæjarfélaganna gátu sent lið til keppni þar sem leikið var eftir Texas scramble fyrirkomulagi.

Nýliðar

Nýliðanámskeið voru haldin fyrir nýja félaga sem teljast byrjendur, þ.e. hafa enga forgjöf og hafa ekki sótt nýliðanámskeið annars staðar. Markmið nýliðanámskeiðanna er að taka vel á móti nýjum félögum, kynna þá fyrir helstu starfsmönnum klúbbsins og veita þeim grunnkennslu hvað varðar tækni og leikinn sjálfan. Alls fóru 60 nýliðar í gegnum fræðslunámskeiðið sem er byggt upp á eftirfarandi hátt: Kynning á starfssemi og starfsfólki félagsins. Verklegr þjálfun í stutta spili og sveiflu. Spilkennsla þar sem nemendur fylgjast með kennurum leika 2-3 brautir. Farið er yfir helstu golf- og síðareglur meðan á spilkennslu stendur. Nemendur fengu einnig fræðslu um hvernig á að fylla út og nota skorkortið, fá forgjöf og hvernig á að skrá sig á rástíma á golf.is, ofl. Að auki var bóklegt nám í golfreglum. Alls var nýliðafraeðslan 5 ½ klst og fengu þátttakendur möppu með ýmsum handhægum upplýsingum og kennsluefni, m.a. bæklinginn Golf með skynsemi. Kennarar á námskeiðinu voru undirritaður, Derrick og Haraldur, auk Kjartans Bjarnasonar, yfirdómara GKG, en hann sá um bóklega tímann í í golfreglum.

Skipulag nýliðanámskeiða

1. Stuttu spilið og sveiflan. 1,5 klst.

Kynning á dagskrá námskeiðs. Golf með skynsemi afhent. Grunnatriði þútta, vippa (vipp og rúll og há vipp) voru kennd Áhersla lögð á grip, stöðu, mið, grunnhreyfingar og lestur flata, auk kylfuvals. Grunnatriði golfsveiflunnar kynnt á æfingasvæði, s.s. grip, staða, helstu hreyfingar. Kynning á búnaði. Sýnikennsla. Umræður og spurningum svarað.

2. Spilatími. 1,5 klst.

Farið var yfir helstu þætti er varða golfleikinn, s.s. helstu síðareglur, forgjöf, skorkortið osfrv. í golfskálunum áður en farið



var út á völlum. Einnig var golfverslunin heimsókn og farið yfir helstu þætti varðandi skráningu á golf.is. Kennarar léku 2 brautir í Mýrinni og fóru í gegnum helstu þætti er varða golfleikinn, s.s. siðareglur, umgengni, leikröð, kylfuval, glompuhögg, leikskipulag og margt fleira. Umræður og spurningum svarað.

3. Bóklegt reglunámskeið. 2 klst.

Á reglunámskeiðum er farið yfir helstu reglur og siðareglur. Gefin eru góð dæmi um þær aðstæður sem kylfingar lenda oft í á golfvöllum. Því er markmiðið að hafa slík reglunámskeið eins lífandi og hagnýt og kostur er. Reglunámskeiðin eru einnig opin venjulegum félagsmönnum sem ættu hiklaust að nýta tækifærið og skerpa á reglukunnáttunni.

Yfirmarkmið nýliðanámskeiðanna er að taka vel á móti nýjum félögum, kynna þá fyrir helstu starfsmönnum klúbbsins og veita þeim grunnkennslu hvað varðar tækni og leikinn sjálfan.

Í GKG er góður félagsandi og í raun er félagsleg skylda eldri klúbbsmeðlima að bjóða nýja félaga velkomna og aðstoða þá eftir atvikum. Þó svo að GKG sé næst stærsti klúbburinn á landinu þá megum við ekki glata þeim eiginleika, sem er kannski meira áberandi hjá litlum klúbbum á landsbyggðinni, að hjálpa nýjum félögum að kynnast því sem snýr að félagsstarfsseminni.

Mýrin er ákjósanlegur völlum fyrir kylfinga að öðlast reynslu. Mýrin er þó ekki auðveldur golfvöllur eins og við þekkjum, því er mikilvægt að reyndari kylfingar sýni skilning og þolinmæði á því að í Mýrinni kunni að vera reynslulitlir kylfingar að leika.

Að lokum

Vetraræfingar hefjast á ný í nóvember með barna-, unglinga- og afrekshópum sem stunda æfingar í Kórnum. Æfingar standa í 10 1/2 mánuð á ári undir handleiðslu þjálfara. Veturinn er mikilvægur fyrir iðkendur, en á þeim tíma gefst mesta tækifærið til að bæta golfþæknina og líkamlega formið. Vil ég því hvetja GKG félaga til að vera duglegir við að æfa golfsveifluna og stutta spilið í vetur, og nýta til þess aðstöðuna sem er í boði í Kórnum. Ég vil þakka þeim starfsmönnum og nefndarmönnum sem ég hef unnið með á árinu fyrir mjög ánægjulegt samstarf. Einnig vil ég þakka klúbbsmeðlimum og foreldrum fyrir ánægjuleg kynni og samstarf á árinu.

Áfram GKG!
f.h. Íþróttasviðs,
Úlfar Jónsson, Íþróttastjóri

Viðauki:

Yfirlit um árangur GKG 2010 í mótaroðum GSÍ og LEK

Meistaraflokkar

1. sæti Íslandsmót karla í högggleik hjá GKB

Birgir Leifur Hafþórsson

1. sæti Íslandsmót karla í holukeppni hjá GL

Birgir Leifur Hafþórsson

2. sæti Eimskipsmótaröðin hjá GKG

Sigmundur Einar Másson

2. sæti Eimskipsmótaröðin hjá GHR

Sigmundur Einar Másson

3. sæti Íslandsmót karla í högggleik hjá GKB

Sigmundur Einar Másson

3. sæti Íslandsmót karla í holukeppni hjá GL

Guðjón Henning Hilmarsson

2. sæti Sveitakeppni GSÍ 1. deild kvenna hjá GKG

Erna V. Ívarsdóttir

Guðfinna Halldórsdóttir

Hansína Þorkelsdóttir

Hrafnhildur Gunnarsdóttir

Ingunn Einarsdóttir

Ingunn Gunnarsdóttir

Jónína Pálsdóttir

María Guðnadóttir

3. sæti Sveitakeppni GSÍ 1. deild karla hjá GK

Alfreð Kristinsson

Birgir Leifur Hafþórsson

Bjarki Freyr Júlíusson

Björgvin Smári Kristjánsson

Guðjón Henning Hilmarsson

Kjartan Dór Kjartansson

Sigmundur E. Másson

Sigurður R. Ólafsson

Stigalisti:

2. sæti Sigmundur Einar Másson

Landsliðspátttaka:

Sigmundur Einar Másson – EM landsliða í Svíþjóð

Alfreð Kristinsson – Opna finnska áhugamanna-meistaramótið í Finnlandi.

Unglingar

Arion banka mótaröð GSÍ

1. sæti Arion banka mótaröð hjá GS

Egill Ragnar Gunnarsson 14 ára og yngri drengir

1. sæti Arion banka mótaröð hjá GHR

Ragnar Már Garðarsson 15-16 ára drengir

2. sæti Íslandsmót í holukeppni hjá GS

Aron Snær Júlíusson 14 ára og yngri drengir

2.-5. Arion banka mótaröð hjá GK

Emil Þór Ragnarsson 15-16 ára drengir

2.-4. Arion banka mótaröð hjá GR

Emil Þór Ragnarsson 15-16 ára drengir

3. sæti Íslandsmót í högggleik hjá GV

Ragnar Már Garðarsson 15-16 ára drengir

3. sæti Íslandsmót í högggleik hjá GV

Aron Snær Júlíusson 14 ára og yngri drengir

3. sæti Íslandsmót í holukeppni hjá GS
Emil Þór Ragnarsson 15-16 ára drengir
3. sæti Arion banka mótaröð hjá GK
Gunnhildur Kristjánsdóttir 14 ára og yngri stúlkur

Áskorendamótaröð GSÍ

1. sæti Áskorendamótaröð hjá GKJ
Gunnhildur Kristjánsdóttir 14 ára og yngri stúlkur
1. sæti Áskorendamótaröð hjá GG
Viktor Franz Jónsson 15-16 ára drengir
1. sæti Áskorendamótaröð hjá GG
Óðinn Þór Ríkharðsson 14 ára og yngri drengir
1. sæti Áskorendamótaröð hjá GOS
Óðinn Þór Ríkharðsson 14 ára og yngri drengir
1. sæti Áskorendamótaröð hjá GVS
Óðinn Þór Ríkharðsson 14 ára og yngri drengir
1. sæti Áskorendamótaröð hjá GBO
Óðinn Þór Ríkharðsson 14 ára og yngri drengir
2. sæti Áskorendamótaröð hjá GSG
Gunnar Valdimar Johnsen 14 ára og yngri drengir
3. sæti Áskorendamótaröð hjá GSG
Sindri Sigurður Jónsson 14 ára og yngri drengir
3. sæti Áskorendamótaröð hjá GOS
Ásthildur Lilja Stefánsdóttir 14 ára og yngri stúlkur
3.-4. Áskorendamótaröð hjá GBO
Elías Björgvin Sigurðsson 14 ára og yngri drengir

1. sæti Sveitakeppni GSÍ 15 ára og yngri
Aron Snær Júlíusson
Egill Ragnar Gunnarsson

Kristófer Orri Þórðarson
Óðinn Þór Ríkharðsson
Ragnar Már Garðarsson
Þórður Örn Reynisson

Landsliðsþátttaka:
Ragnar Már Garðarsson
European Young Masters í Ungverjalandi

Öldungar

1. sæti LEK mót hjá GKB
María Málfríður Guðnadóttir
2. sæti LEK mót hjá GR
María Málfríður Guðnadóttir
2. sæti Íslandsmót högggleik hjá GR
María Málfríður Guðnadóttir

2. sæti Sveitakeppni öldunga kvenna
Áslaug Sigurðardóttir
Jóhanna Ríkey Sigurðardóttir
Kolbrún Stefánsdóttir
Kristín Þórarinsdóttir
María Málfríður Guðnadóttir
Ólafía Ásgeirsdóttir

Landsliðsþátttaka:
María Málfríður Guðnadóttir
EM öldungalandsliða í Frakklandi



PÓSTURINN
allur pakinn

Jólafrímerki
Ættingjar vilja sjá myndir.
Nú getur þú hannað þín eigin
jólafrímerki á
www.postur.is

Liða-púttmótaröð

Hraunkots 2010-2011

Verðlaun fyrir 4 efstu sætin, 35% af innkomu úr mótinu fer í verðlaun.

Skráningarfrestur til 15. Desember
Stofnuð verður facebook síða þar sem úrslit hvers leiks er settur inn og umræður og vangaveltur skapast um leiki.

Pátttökugjald 10,000 fyrir hvert lið.

Innifalið í verði er boltakort í Hraunkoti að verðmæti 5 þúsund krónur.

Í hverri viku er leikinn einn leikur, 36 holu holukeppni, 1x fjórmenningur og 2x tvímenningar
Hvert lið hefur hámark 6 keppendur.

Allir velkomnir.

Upplagt tækifæri fyrir spilahópa og félaga til að halda golffélagsskapnum gangandi í vetur
Fyrstu umferð verður að vera lokið fyrir 5. janúar, síðan hafa liðin eina viku til að spila hverja umferð.

Liðum verður skipað í riðla.

Form úrslitakeppni ræðst af fjölda liða í keppninni.



Skoðið æfingadagskrá Hraunkots á hraunkot.is
til að sjá lausa tíma í púttsalnum
Alltaf heitt á könnunni

Hraunkot
Golfæfingasvæði



Mótanefnd 2010

Í mótanefnd eru eftirfarandi sex einstaklingar sem allir tóku þátt í starfinu að einhverju leiti. Heimir Jón Guðjónsson, Sigurjón Sigurjónsson, Jónína Pálsdóttir, Gunnar Árnason, Björn Steinar Stefánsson og Sigurður H. Hlöðverson. Einnig störfuðu með nefndinni þeir Einar Gunnar Guðmundson og Jón K. Baldursson.

Starf mótanefndar er umtalsvert og tímafrekt og var starfsárið 2010 þar engin undantekning. Við í mótanefnd erum mjög þakklát fyrir aðstoð þessarar einstaklinga sem vonandi gefa kost á sér í nýja mótanefnd.

Fjöldi móta var mikill og er meistaramótið að venju stærsta verkefni mótanefndar ár hvert og tókst það með miklum ágætum.

Gott samstarf var við starfsmenn klúbbsins, sérstaklega starfsmenn vallargæslu sem aðstoðuð við ræsingu í flestum mótum ásamt mótanefnd og að sjálfsögðu starfsmenn verslunar og framkvæmdastjóra. Mikill fengur er í því að hafa starfsmenn við vallargæslu og eftirlit og var þetta starf öflugt nú í ár. Einnig var gott samstarf við dómara klúbbsins undir forustu Kjartans Bjarnasonar.

Ágætis samstarf var við starfsmenn GSÍ vegna þeirra móta sem klúbburinn hélt í samstarfi við sambandið.

Í því sambandi ber að geta Sveitakeppni kvenna 1. og 2. deild sem var mjög stórt mót þar sem nota þurfti báða vellina bæði Leirdalsvöll og Mýrin. Þar leysti klúbburinn frábærlega vel vandamál sem kom upp vegna fjölda keppenda.

Mótaskrá GKG 2010

15. maí	Opnunarmót Leirdalsins	Innanfélagsmót
28. júní	TM	Boðsmót
29. maí	Atlantsolía Opið	Opið
1. júní	9 holu kvennamót	Innanfélagsmót
5. júní	Styrktarmót Kiwanis klúbbsins	Eldeyjar Opið
9. júní	Miðvikudagsmótaröð GKG (1)	Innanfélagsmót
10. júní	Golfmót Tryggingarfélaganna	
12-13 júní	Íslenska Mótaröðin (2)	Opið
15. júní	Vinkvennamót GO/GKG	
16. júní	Unglingamótaröð GKG (1)	Innanfélagsmót
23. júní	Miðvikudagsmótaröð GKG (2)	Innanfélagsmót
24. júní	SVALA mótaröð 12 ára og yngri	mótaröð (1)
24. júní	Golfmót Samhentra	Boðsmót
25. júní	Opið sólstöðumót kvenna	Opið
26. júní	Jónsmessan	Innanfélagsmót
29. júní	Unglingamótaröð GKG (2)	Innanfélagsmót
3. júlí	Niðjamót GKG	Opið
4 - 10. júlí	Meistaramót GKG 2010	Innanfélagsmót
14. júlí	Miðvikudagsmótaröð GKG (3)	Innanfélagsmót
15. júlí	SVALA mótaröð 12 ára og yngri	mótaröð (2)

17. júlí	Kreditkort Open	Opið
20. júlí	Unglingamótaröð GKG (3)	Innanfélagsmót
20. júlí	Innanfélagsmót kvenna	Innanfélagsmót
24-25. júlí	Bylgjan Open	Opið
28. júlí	Miðvikudagsmótaröð GKG (4)	Innanfélagsmót
29. júlí	SVALA mótaröð 12 ára og yngri mótaröð (3)	
2. ágúst	Carlsberg Open	Opið
4. ágúst	Miðvikudagsmótaröð GKG (5)	Innanfélagsmót
10. ágúst	Unglingamótaröð GKG (4)	Innanfélagsmót
11. ágúst	AO Boðsmót	Boðsmót
12. ágúst	SVALA mótaröð 12 ára og yngri mótaröð (4)	
13.-15. ág.	Sveitakeppni GSÍ 1. og 2. deild kvenna	Opið
17. ágúst	Unglingamótaröð GKG (5)	Innanfélagsmót
21. ágúst	Styrktarmót fyrir sveitir GKG	Opið
25. ágúst	Miðvikudagsmótaröð GKG (6)	Innanfélagsmót
28. ágúst	Jóns Ólafssonar mótið til styrktar íþróttastarfi GKG	
31. ágúst	Unglingamótaröð GKG (6)	Innanfélagsmót
31. ágúst	Hatta og kjólamót kvenna	Innanfélagsmót
4. sept.	Lokamót Kvenna	Innanfélagsmót
11. sept.	Firmakeppni GKG	
2. okt.	Bændaglíma GKG 2010	Innanfélagsmót

Skemmtinefnd

Skemmtinefndin stóð svo sannarlega fyrir sínu sumarið 2010. Nefndin hefur aðstoðað að krafti í sumar sem leið en stundum hefur gætt á þeim misskilningi að nefndin eigi að sjá alveg um uppákomur klúbbsins en svo er ekki. Skemmtinefndin er stöðdeild til aðstoðar við aðrar nefndir klúbbsins og hvetjum við nefndir sem þurfa að standa fyrir uppákomum að nýta sér tengsl okkar og aðgang að ýmiss konar skemmtikröftum svo ekki sé talað um óþrjótandi brunn hugmynda. Verið ófeimin að senda okkur póst með fyrirspurnum og við svörum öllum sem eru skemmtilegir.

Sigurður Hlöðversson, siggi@pipar.is
Lórenz Þorgeirsson, lorenz@n1.is





Gæði, þjónusta og ábyrgð - það er Tengi



Fjölbreytt úrval blöndunartækja




Fagmennska í fyrirrúmi
Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15
www.tengi.is • tengi@tengi.is
Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Baldursnesi 6 • Akureyri



NJÓTTU ÞESS AÐ VERA **AÐ HEIMAN**

Fólk er sjaldnast heima hjá sér þegar innbrot á sér stað. Með Heimavörn Securitas er heimilið verndað allan sólarhringinn, allt árið um kring.

Hafðu samband í síma 580 7000 og fáðu heimsókn frá öryggisráðgjafa. Nánari upplýsingar er einnig að finna á vefsíðu okkar, www.securitas.is.



HEIMAVÖRN



FRAMKVÆMDASVIÐ



Vallarnefnd 2009-2010

Simón Kristjánsson formaður

Andrés I. Guðmundsson, Guðmundur Á. Gunnarsson, Sveinn Steindórsson, Árni Zophoniasson, Sigurður Skúli Bárðarson.

Fundir á starfsárinu

Vallarnefnd hélt 7 bókaða fundi á starfsárinu. Hlutverk nefndarinnar er að skipuleggja framkvæmdir og umhirðu vallarins í samstarfi við vallarstjóra, sem er einn nefndarmanna. Aðalmarkmið 2010 var að halda áfram við snyrtingu á vellinum og lagfæringar við flatir í Leirdalnum. Einnig var lögð vinna í Umhverfisstefnu GKG sem fylgir með ársskýrslu.

Golfaðstaða GKG er orðin ein sú glæsilegasta á landinu. 18 holu Leirdalsvöllur og 9 holu völlur í Vetrarmýri. Á árinu 2011 verður haldið áfram að snyrta svæðið og betrumbæta á ýmsan veg og gera sem glæsilegast.

Annars vísa ég í ársskýrslu vallarstjóra sem er hér fyrir neðan.

Ég vil þakka öllu starfsfólki vallarins fyrir gott starf á liðnu starfsári og sérstaklega Guðmundi Á. Gunnarssyni vallarstjóra sem stýrir starfinu af miklum áhuga. Loks þakka ég meðnefndarmönnum mínum fyrir gott og ánægjulegt samstarf á þessu starfsári.

Simón Kristjánsson, formaður vallarnefndar.

Skýrsla vallarstjóra 2010

Vellirnir komu þokkalega vel undan vetri þetta árið, en hafa þó oft komið betur undan en nú. Opnað var inn á eldri hluta vallarins þann 8. maí en á efri hluta Leirdalsvallar þann 15. maí.

Völlunum var síðan lokað þann 22. október eftir að veturinn fór að sýna sig fyrir alvöru með frosti og tilheyrandi.

Enn eigum við nokkuð í land með að ná upp góðri grósku í sumar brautir og karga í Leirdalnum en höfum verið að gera tilraunir til úrbóta. Til dæmis með því að bera kjötmjöl á 6. brautina síðla s. l. vetur, sem reyndist mjög vel og var mikill munur á grósku í þeirri braut frá því í fyrra. Stefnt er að því að bera í vetur kjötmjöl á allar brautir frá og með 4. og til og með 12. braut og einnig verða gerðar prufur á völdum svæðum á eldri hluta vallarins.

Sjálfbóðaliðadagar voru tveir þetta árið, voru haldnir 4. og 5. maí og var skipt á vallarhluta eftir bæjarfélögum. Fyrri daginn var unnið í Garðabænum og mættu þar um 45 sjálfbóðaliðar, en þann seinni uppi á efri hlutanum í Kópavogi og mættu þá um 35 manns. Þessir tveir dagar heppnuðust mjög vel og voru mörg þörf verk unnin og kláruð. Vallarstjóri vill þakka þeim sem lögðu hönd á plóginn kærlega fyrir þeirra framlag til vallarins.

Framkvæmdir

Árið 2010 hefur verið allmikið um framkvæmdir á golfvöllum GKG en einnig verið lögð mikil vinna í almenna snyrtingu á ýmsum svæðum á völlum.

Hér er listi yfir nokkur af þeim verkum sem ráðist var í á árinu:

- Malbikun hluta þjónustuvega og stíga og frágangur á köntum þeirra.
- Vatnsfarvegur gerður gegnum 3. braut, brú byggð, tyrting og frágangur.
- Jarðvegsskipt undir göngustígum í gegnum holtið á 16. braut og í stíg sem kláraður var frá 10. að 11. flöt.



- Vökvunarkerfið klárað.
- Kantskorið kringum tré og trjáskur sett umhverfis þau.
- Gróðursett voru um 85 grenitré og um 50 furur á Leirdalshlutanum.
- Snyrt trjábeð og umhverfi áningarhússins í Leirdal.
- Ýmsar torfviðgerðir á brautum.
- Moldarlag sett á stór svæði á 7. og 8. braut í Leirdal og þau tyrfd. Kópavogsbær sá um grófvinnu en starfsmenn GKG um fráganginn.
- Mold sett á valin svæði við flatir 5,7,9 og 12, umhverfi endurmótað að hluta, tyrft og snyrt. Efni til framkvæmdanna greitt af Kópavogsbæ.
- Glompa á 5. braut endurmótuð og kláruð. Kópavogsbær greiddi efnið.
- Tröppur byggðar upp á teigana á 2. og 11. braut.
- Í Mýrinni var gert við torf á ýmsum stöðum í brautum og við flatir.
- Gengið var frá beði við 2. teig.

Eins og sjá má á þessum lista yfir verk ársins þá hefur mikið verk verið unnið á vellinum og margar hendur komið að því. Vallarstjóri vill þakka sérstaklega Kópavogsbæ fyrir þeirra frábæra framtak í að laga og snyrta Leirdalinn, einnig vill vallarstjóri þakka Garðabæ fyrir þeirra aðstoð við malbikunarframkvæmdir.

Vökvunarkerfi

Nú er lokið við að setja niður og koma í gagnið því vökvunarkerfi sem hannað var til vökvunar á öllum flötum og teigum beggja vallanna. Það er mjög stór áfangi þar sem þetta er mjög mikilvægur þáttur í að tryggja þar góða rækt. Byrjað var á að hugsa og hanna kerfi fyrir nýju holurnar árið 2002 og var það verk inni í kostnaði við byggingu á þeim hluta vallarins. Kerfið var sett niður þar samhliða framkvæmdum við byggingu brautanna. Árið 2004 var farið í það að hanna kerfi fyrir eldri hlutann og byrjað að setja niður haustið 2005. Öll vinna við það að setja kerfið niður hefur verið í höndum starfsmanna GKG.

Þó svo að kerfið sé komið niður er töluvert viðhald á því á hverju ári og kemur til með að verða svo áfram. Svo er einnig stór spurning hvort það þurfi að setja úðara í einhverjar brautanna og þá sérstaklega á Kópavogshlutanum, þar sem þær fara hvað verst út úr þurkum á sumrin. Þetta er töluvert mikið rask og mjög kostnaðarsöm aðgerð sem verður örugglega skoðuð í framtíðinni.

Hér eru smá staðreyndir um kerfið:

- Úðarar við flatir eru 138 talsins en í teigunum eru



- 135 úðarar.
- Vatnslagnir á svæðinu eru alls um 15 km langar.
- Kaplar sem liggja um völinn til stýringar á kerfinu eru um 19 km.
- Kerfið er frá Rain Bird og er því öllu stjórnað frá tölvu vallarstjóra.

Starfsmannahald

Í dag starfa 2 heilsárs vallarstarfsmenn hjá GKG; Guðmundur Árni Gunnarsson vallarstjóri og Hafsteinn Eyvindsson sem sér um verkstæði GKG. Hafsteinn hóf störf í febrúar síðastliðnum og hefur það verkefni að halda við öllum vélafloða GKG og einnig vélafloða ÍTK sem notaður er við umhirðu knattsþyrnuvalla í Kópavogi. Vallarstjóri vill nota tækifærið og bjóða Hafstein velkominn til GKG, með von um ánægjulegt samstarf í framtíðinni.

Þann 1. nóvember sagði Sveinn Steindórsson starfi sínu lausu og hefur ákveðið að söðla um í starfi. Vallarstjóri vill þakka Sveini fyrir ánægjulegt og gott samstarf þann tíma sem hann hefur starfað hjá GKG.

Margar hendur komu að starfi við vellina þetta árið og bæjarfélögin komu þar bæði myndarlega að með því að leggja GKG til starfsfólk hluta sumarsins. Þegar allt er talið saman þá komu um 40 manns að vinnu við vellina á þessu ári, sem er líklega með því það mesta sem hefur verið á einu sumri. Vallarstjóri vill þakka öllum þeim starfsmönnum sem störfuðu við vallarumhirðu fyrir góð störf þeirra fyrir GKG.


Starfsmannaaðstaða og áhaldahúsi

Eins og að ofan getur voru um 40 manns að störfum við vellina í sumar. Það er augljóst að starfsmannaaðstaðan er orðin alltof lítil og þess má geta í því sambandi að kaffistofan, sem er einnig skrifstofa vallarstjóra, er einungis 20 m² að stærð. Kaffistofan rúmar tvö borð sem sex manns geta setið við í einu.

Það er ekki ásættanlegt fyrir nokkurn að vinna við þessar kringumstæður.

Verkstæðið er þokkalega búið þó svo alltaf megi gera betur. Þar þarf að floða gólf þannig að vatn renni í niðurföll en ekki út í horn. Áhaldahúsið er sem slíkt löngu orðið alltof lítið fyrir þann vélafloða sem halda þarf úti fyrir 27 holu golfvöll og er þess vegna notast við tvo stóra gáma sem vélageymslur, sem og almennar geymslur. Vonandi stendur þetta til bóta í framtíðinni.

Loks má svo einnig benda á að bæta þarf verulega vinnuaðstöðuna fyrir utan áhaldahúsið með malbikun á planinu og gerð þróar þar sem hægt að þrifa vélar og tæki án þess að undirlagið útvaðist í drullumall og upp gjósi hin versta lykt af rotnandi grasi og jarðvegi.



Verkefnin framundan í haust og vetur

Þetta er í fyrsta skiptið í langan tíma sem þessi liður hefst ekki á því að tiltaka nýframkvæmdir vegna vökvunarkerfis, þar sem þeim er loks lokið.

Stefnt er að því að endurmóta, snyrta og laga svæði umhverfis flatirnar á 6. og 10. braut, svipað og gert var umhverfis nokkrar flatir þar upp frá í sumar. Bæði þessi verk eru nokkuð umfangsmikil þar sem þónokkur efnisflutningur verður á svæðin og einnig mótun á því efni. Stefnt er á að þessi svæði verði svo tyrfd á vörðunum og verði klár þegar vellirnir opna í vor. Einnig verður farið í það að rétta af báða teigana á 3. brautinni í Mýrinni sem eru orðnir mjög missignir og hallandi. Þetta eru stærstu verkin sem vallaarstarfsmenn munu takast á við í vetur, jafnhliða ýmskonar snyrtingar- og viðhaldsverkum á völlum báðum.

Lokaorð

Nú er að baki golfárið 2010 sem var í alla staði gott golf tímabil, veðrið lék við kylfinga og einnig við völlum sjálfan. Mikið þúður vallaarstarfsmanna GKG var í sumar sett í snyrtingarvinnu á völlum og einnig lögð mikil áhersla á snyrtimennsku við allar framkvæmdir sem farið var í á árinu.

Áfram verður snyrtimennska höfð í fyrirrúmi og allt lagt í að gera hlutina eins fagmannlega og efni standa til. Það hefur verið hugsun okkar að fara í færri framkvæmdir en geta þá á móti gert vel og hugsað þær og unnið til framtíðar.

Það hefur verið gaman að fylgjast með því á árinu hvað Kópavogsbær er áhugasamur um og duglegur við að ganga frá og snyrta umhverfi vallaarins upp í Leirdal, þeirra verk þar eru til mikillar fyrirmyndar.

Vetrarvöllur GKG 2010 - 2011

Að lokum vil ég þakka Ólafi framkvæmdarstjóra, vallaar-nefndinni og stjórn GKG fyrir mjög gott samstarf á árinu 2010.

Guðmundur Árni Gunnarsson, Vallaarstjóri GKG

Fjáröflunarnefnd

Nefndarmenn: Framkvæmdastjóri og Jón Snorri Snorrason
Reynt var með sama hætti og áður að hafa sem mesta fjölbreytni í að afla sem mest fjár fyrir félagið með skriflegum samningum við fyrirtæki og velunnara um kostanir, fyrirtækjamót, boðsmót, bekkir, auglýsingar og merkingar á vellinum sjálfum. Félagsmenn voru hvattir til að hafa samband við þau félög, sem þeir þekktu til hjá og allar klær úti enda margir golfklúbbar að herja á sömu mið.

Nokkrir samningar runnu út á árinu og þurftu endurnýjunar við. Eins og árið áður var á síðasta ári gengu fjáröflunarmálin betur en efni stóðu til og var nefndin nokkuð ánægð með árangurinn. Nú á nýju ári renna nokkrir samningar til viðbótar út. Það er von okkar að félagsmenn sjái sér fært um að starfa með nefndinni að fjáröflun en án hennar verður reksturinn mun erfiðari.

Nefndin vill hvetja sem flesta félagsmenn til að aðstoða við fjáröflun á komandi ári, því margsannað er að margar hendur vinna létt verk.

Fjáröflunarnefndin vill þakka öllum styrktar og auglýsinga aðilum klúbbsins gott samstarf og vonar að framtíðin verði björt.



Umhverfisstefna

Vífilstaðavöllur

Umhverfisstefna Vífilstaðavallar er sett fram af virðingu fyrir því einstaka umhverfi sem okkur hefur verið falið að varðveita og viðhalda. Viðhorf okkar til umhverfisins miðar að því að gera upplifun kylfinga ánægjulegri, veita almenningi eðlilegt aðgengi að náttúru og mannlífi golfvallarins og gera rekstur hagkvæmari. Við viljum að Vífilstaðavöllur verði ávallt í fremstu röð golfvalla á Íslandi hvað varðar umhverfi og umgengni.

Vilji er til að bæta aðgengi almennings að skála og vallarsvæði - þannig tökum við samfélagslega ábyrgð og kynnum golfíþróttina. Aðgangur almennings byggir á skipulögðu stígakerfi fyrir gangandi og hjólandi umferð, áningarstöðum og upplýsingaskiltum.

Útlit vallarins ræðst af umgengni kylfinga – þeir eru ekki aðeins notendur, heldur taka virkan þátt í að viðhalda og bæta umhverfi Vífilstaðavallar. Starfsmenn sem annast viðhald og nýframkvæmdir leggja grunninn að góðum árangri í umhverfismálum. Viðhald skal vera vandað og sérstök áhersla lögð á að ganga vel frá svæðum þar sem framkvæmdir hafa staðið yfir.

Við framkvæmdir og viðhald á vellinum verður leitast við að draga fram náttúru svæðisins – holtið og mýrina. Sérstök áhersla verður lögð á að hlúa að einstöku fuglalífi á svæðinu.

Malbika skal þá stíga sem mikil vélaumferð er um eða teljast hluti af göngu/hjólastígakerfi sveitarfélaganna. Lögð verður áhersla á að undirbyggja og ganga vel frá malarstígum.

Eiturefni eru ekki notuð við viðhald og umhirðu vallarins. Leitast er við að nota umhverfisvæn efni hvar sem því verður við komið. Notkun á tilbúnum áburði verður minnkuð - náttúruleg innlend efni notuð í staðinn. Orku- og vatnsnotkun verður meðvituð.

Efni sem fellur til við klippingar og viðhald trjágróðurs er kurlað og endurnýtt við ræktunarstörf. Jarðvegs- og gróðurúrgangur er endurnýttur til moltugerðar. Almennur úrgangur af vellinum og frá skála er flokkaður og endurnýttur eins og kostur er. Við framtíðaruppbyggingu á geymslusvæðum, áhaldahúsi, skála og annarri aðstöðu verður lögð áhersla að tekið sé tillit til framsækinnar umhverfissjónarmiða.

Umhverfisstefnan felur í sér að lögum og reglum um umhverfismál verður fylgt og leitast við að halda góðu sambandi við eftirlits- og lögaðila. Starfsfólk verður menntað og þjálfað til að framfylgja þessari stefnu, þróa hana og halda Vífilstaðavelli í forystu hvað varðar umhverfismál golfvalla á Íslandi.

Umhverfisstefna Vífilstaðavallar er borin fram af vallarnefnd GKG og samþykkt af aðalfundi. Vallarstjóri ber ábyrgð á framkvæmd stefnunnar og ber honum að leggja fram breytingar til samþykktar þegar þurfa þykir. Hugað verður að uppbyggingu á umhverfiskerfi, vinnuhandbókum og vottun á umhverfiskerfi vallarins þegar ástæða þykir til.

Áritun stjórnar á ársreikninginn

Stjórn Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar staðfestir hér með ársreikning klúbbsins fyrir tímabilið 1. nóvember 2009 til 31. október 2010.

Garðabæ, 18. nóvember 2010

Guðmundur Pálsson
Kristinn Jónsson
Gunnar Jónsson
Gunnar Pálsson
Hlaug Sigurdsson
Jónna Páldóttir
Hrafn Jónsson
Símon Kragnesson
Þorgerður Gunnarsdóttir
Jon Guðni Guðnason

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar

Við höfum endurskoðað ársreikning Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar fyrir reikningsárið 1. nóvember 2009 til 31. október 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit og skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á reikningsárinu 1. nóvember 2009 til 31. október 2010, fjárhagsstöðu þess 31. október 2010 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju


Reykjavík, 18. nóvember 2010

KPMG hf.



Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar, höfum yfirfarið ársreikning þennan og er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggar upplýsingar um rekstur klúbbsins á reikningsárinu, fjárhagsstöðu hans í lok reikningsársins og um breytingu á handbæru fé á tímabilinu.

Reykjavík, 18. nóvember 2010



Rekstraryfirlit

1. nóvember 2009 til 31. október 2010

	Skýr.	2010	2009
Rekstrartekjur			
Félagsgjöld		103.116.400	83.803.284
Vallargjöld		9.924.840	8.048.050
Bolta- og kerruleiga		5.632.500	5.108.050
Tekjur af golfmótum		10.691.410	9.131.800
Rekstrarframlög og fyrirtækjasamningar		19.832.960	14.129.050
Sértekjur íþróttasviðs		6.648.980	5.906.602
Aðrar rekstrartekjur	8	6.288.389	3.459.489
		<u>162.135.479</u>	<u>129.586.325</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	9	56.515.335	56.361.046
Skáli og áhaldahús	10	4.542.229	3.398.620
Golfvöllur og æfingasvæði	11	28.341.801	12.109.482
Unglingastarf og almenn kennsla	12	1.157.068	527.027
Keppnisgolf og mótahald	13	11.949.563	7.900.098
Gjöld til GSÍ		5.900.000	4.687.200
Annar rekstrarkostnaður	14	8.131.998	8.533.194
Lóðarleiga		3.750.000	0
Afskriftir	4	15.120.046	10.527.229
		<u>135.408.040</u>	<u>104.043.896</u>
Rekstrartekjur umfram rekstrargjöld		26.727.439	25.542.429
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		253.972	286.029
Vaxtagjöld og verðbætur	(	4.467.373)	(5.245.850)
Gengismunur		697.077	(6.547.360)
	(	<u>3.516.324)</u>	<u>(11.507.181)</u>
Rekstrartekjur umfram rekstrargjöld		23.211.115	14.035.248

Efnahagsreikningur 31. október 2010

	Skýr.	2010	2009
Eignir			
Golfvöllur		218.766.295	218.766.295
Golfskáli		32.839.924	36.587.077
Bifreiðastæði og umhverfi		12.908.655	12.908.655
Vélar, tæki og áhöld		25.022.372	28.866.785
Fastafjármunir	4	289.537.246	297.128.812
Vörubirgðir		340.000	340.000
Viðskiptakröfur		3.049.666	2.967.979
Aðrar skammtímakröfur		0	331.605
Handbært fé		523.489	237.424
Veltufjármunir		3.913.155	3.877.008
Eignir samtals		<u>293.450.401</u>	<u>301.005.820</u>
Eigið fé			
Eigið fé		252.726.340	229.515.225
Eigið fé	5	252.726.340	229.515.225
Langtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir	6	9.063.010	21.633.249
Skammtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir		9.794.237	27.547.162
Viðskiptaskuldir		2.454.652	1.411.023
Næsta árs afborgun langtímaskulda	7	12.796.442	13.728.558
Aðrar skammtímaskuldir		6.615.720	7.170.603
		31.661.051	49.857.346
Skuldir		40.724.061	71.490.595
Eigið fé og skuldir samtals		<u>293.450.401</u>	<u>301.005.820</u>

Sjóðstreymisyfirlit

1. nóvember 2009 til 31. október 2010

	Skýr.	2010	2009
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrartekjur umfram rekstrargjöld		23.211.115	14.035.248
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Gengismunur langtímalána	(	697.077)	6.547.360
Hagnaður af sölu varanlegra rekstrarfjármuna	(	250.475)	0
Afskriftir	4	15.120.046	10.527.229
Veltufé frá rekstri		37.383.609	31.109.837
 Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Birgðir, hækkun		0	(120.000)
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		249.918	(2.113.323)
Skammtímaskuldir, lækkun		488.746	474.974
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		738.664	(1.758.349)
Handbært fé frá rekstri		38.122.273	29.351.488
 Fjárfestingarhreyfingar			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	(	7.628.005)	(2.800.486)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		350.000	0
Fjárfestingarhreyfingar	(	7.278.005)	(2.800.486)
 Fjármögnunarhreyfingar			
Tekin ný langtímalán		0	0
Afborganir langtímalána	(	12.805.278)	(13.827.360)
Skammtímalán, breyting	(	17.752.925)	(12.537.824)
Fjármögnunarhreyfingar	(	30.558.203)	(26.365.184)
 Breyting á handbæru fé		286.065	185.818
 Handbært fé í byrjun tímabils		237.424	51.606
 Handbært fé í lok tímabils		523.489	237.424



ostur.is

MYTA AÚÐ - SÍA

Camembert og Dímon



– ómissandi
í veisluna!



SUND...lættir lund



Sundlaugin í Ásgarði
hefur allt til alls,

þar er *mjög góð*
25 metra sundlaug,

skemmtileg barnalaug
með ýmsum leiktækjum,

tveir *notalegir* heitir pottar
og gufubað.

Komdu og nýttu þér
þá *glæsilegu* aðstöðu
sem er í boði.

Tilvalinn staður
fyrir alla fjölskylduna.



Sundlaug Garðabæjar
Íþróttamiðstöðin Ásgarði
sími 565 8066

Opnunartími:
Mánudaga - föstudaga kl. 6:30-21
Laugardaga - sunnudaga kl. 8-18

Hætt er að selja aðgöngumiða
hálf tíma fyrir auglýstan lokunartíma



**LÍFLEGUR GOLFKLÚBBUR
FRÁBÆRT FÉLAGSLÍF!**



Af virðingu við þá golfara sem á eftir okkur spila er mjög áriðandi að allir golfarar haldi vellinum í því ástandi sem þeir vilja að hann sé í þegar þeir spila völinn sjálfir.

Að laga boltaför á flöt og kylfuför á brautum er mjög áriðandi fyrir okkur öll.

Hafið í huga að ef bolti lendir á flugi inn á flöt má alltaf gera ráð fyrir að hann skilji eftir sig boltafar. Finndu þitt boltafar, lagaðu það og kíktu hvort þú sjáir boltafar sem einhver annar hefur gleymt að laga. Það er góð regla að laga sitt eigið boltafar og eitt í viðbót.

Aldrei stinga púttershaus ofan í holuna til að sækja boltann þinn því það veldur skemmdum á holukantinum.

**896 0700
896 0567**

www.gunnarsholmi.is



**Gras er
okkar fag**

Klúbbmeistarar GKG 2010




Lokaorð

Þá er þessu starfsári að ljúka og er óhætt að segja að það hafi um margt verið viðburðaríkt. Eins og glöggst má sjá við lestur þessarar ársskýrslu er unnið mjög metnaðarfullt starf innan GKG. Þar koma margir að og vil ég þakka þeim öllum fyrir vel unnin störf á liðnu starfsári. Vitanlega mæðir mest á framkvæmdastjóranum, Ólafi E. Ólafssyni, vallarstjóranum Guðmundi Á. Gunnarssyni og Úlfari Jónssyni íþróttastjóra. Þessir þrír eru lykilmenn í öllum umsvifum GKG og vil ég þakka þeim öllum sérstaklega fyrir vel unnin störf á liðnu starfsári. Vellirnir okkar hafa tekið miklum stakkaskiptum á liðnum árum og s.l. sumar var mikil áhersla lögð á aukna snyrtingu þeirra og það kunnum við öll vel að meta. Þessu verki verðum

við að halda áfram og munum gera. Þegar hefur verið ákveðið að laga flatirnar á 6. og 10. braut í Leirdal fyrir næsta sumar og eins munum við vinna að endurbýggingu á 4. brautinni, þ.e. fyrstu brautinni í Leirdalnum.

Ég vil svo þakka meðstjórnarmönnum mínum fyrir gott samstarf svo og öllu starfsfólki GKG ásamt öllum félögum í klúbbum og loks ekki síst öllum þeim mikla fjölda sem vinnur við þjálfun og starfar í nefndum á vegum GKG fyrir þeirra þátt í að gera klúbbinn okkar sem öflugastan.

Guðmundur Oddsson,
formaður.



Arion banki

**FULL BÚÐ
AF GJÖFUM FYRIR
JÓLIN!**



INTERSPORT



Fáðu alltaf Vildarpunkta

Pú kemst fyrr og oftar út með American Express

*Pú safnar Vildarpunktum Icelandair miklu hraðar með Icelandair American Express en öðrum greiðslukortum því þú færð alltaf punkta þegar þú notar kortið. American Express er líka eina greiðslukortið sem færir þér Félagamiða; aukamiða í Vildarferðina þína! **Premium meðlimir fá aðild að Icelandair Golfers án endurgjalds og ýmis áhugaverð golf tengd sértílböð!***



Sæktu um kort núna á americanexpress.is.

Kortið sem kemur þér út